

Fundinn sátu: Andri Þór Sturluson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar I. Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Baldur Karl Magnússon og Eiríkur Rafn Rafnsson sem ritar fundargerð.

1. Kveðjustund

Jón Þórisson kvaddur.

2. Fundargerð

Fundargerð frá 24. apríl 2017 samþykkt.

3. Dagskráin í dag og næstu daga (EB)

Rætt um breytingar á dagskrá þingfundar í dag samkvæmt beiðni forseta. Einar og Halldóra verður í óundirbúnum fyrirspurnum í dag og beinir fyrirspurnum sínum til ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarmálaráðherra og heilbrigðisráðherra varðandi ívilnanir fyrir PCC í Helguvík og skýrslu um afglæpavæðingu. Ekki vitað hvaða ráðherrar verða til svara á þriðjudaginn í næstu viku. Þingvaktir næstu daga ræddar. Björn Leví, Birgitta, Einar og Halldóra ætla að vera í störfum þingsins á miðvikudaginn í næstu viku.

4. Bréf úr nefndum

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum. Gunnar I., Smári og Mörður Ingólfsson búa til vinnuhóp varðandi strandveiðifrumvarp í atvinnuveganefnd. Rætt um umsagnarferli í fastanefndum vegna fjármálaáætlunar.

5. "Stand-up" (elevator pitch fyrir þingflokkinn)

Gunnar I. ræðir aðkomu grasrótar að starfi þingflokks. Vel tekið í hugmyndirnar, aðstoðarmaður kemur með hugmyndir fyrir næsta fund.

6. Tilnefning í nefndir, stjórnir og ráð (EB)

Settur þingflokksformaður fær heimild til að ræða við mögulega kandiðata og leggja fram nafn þeirra í stjórn Þjóðleikhúsráðs.

7. Önnur mál

Birgitta ræðir ráðningamál fjölmiðlafulltrúa.